

Sveitarfélagið Skagafjörður
B.t. Jón Örn Berndsen
Skipulags- og byggingafulltrúi
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

Hella 5. febrúar 2019
UST201812-126/J.S.J.
10.04.02

Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagið Skagafjörður 2009 - 2021

Vísað er til erindis skipulags- og byggingafulltrúa sveitarfélags Skagafjarðar er barst 17. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögur að aðalskipulagsbreytingum Skagafjarðar 2009 - 2021.

Tillaga A. Blöndulína 3.

Fram kemur í tillögu að aðalskipulagsbreytingu A. um legu Blöndulínu 3, samkvæmt Héraðsvatnaleið, að Raflínan mun liggja frá Blöndustöð, í gegnum Vatnsskarð, meðfram Héraðsvötnum og þaðan inn í Norðurárdal. Lengd línumnar í Skagafirði er um 29,5 km. Í greinagerð kemur fram að sveitarfélagið hafi leitað leiða til að draga úr raski á umhverfisþætti eins og kostur og telur áhrif Héraðsvatnaleiðar minni en aðra sambærilega kosti.

Fram kom í umsögn Umhverfisstofnun þann 18. apríl 2012 varðandi Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar að stofnunin teldi að leggja ætti Blöndulínu 3 skv. Héraðsvatnaleið. Með því væri verið að leggja línumna nærrí núverandi mannvirkjabætti þar sem fyrir eru Hringvegur 1 og Rangárvallallína 1. Ekki væri tekið nýtt votlent svæði undir mannvirki eins og fram kæmi í öðrum valkostum, auk þess sem þörfin fyrir slóðagerð væri minni og greiðari aðgangur að efni til slóðagerðar.

Umhverfisstofnun telur að líta beri til þess að Blöndulína 3 er viðbót við þau mannvirki sem fyrir eru á núverandi mannvirkjabætti. Hér er því um stigsmun að ræða í umfangi mannvirkja en ekki eðlismun sem um væri að ræða ef línan væri lögð um svæði sem bæru ekki merki nútíma mannvirkjagerðar. Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif Blöndulínu 3 verði vegna neikvæðra áhrifa á gróður og votlendi, en einnig vegna neikvæðra sjónrænna áhrifa og neikvæðra áhrifa á landslag. Áhrif framkvæmdarinnar á gróður verða neikvæð helst þar sem slóðar verða lagðir um gróið land. Áhrif á votlendi verða neikvæð þar sem slóðar verða lagðir um votlendi. Unnt er þó að mati stofnunarinnar að draga úr neikvæðum áhrifum með því leggja slóða utan votlendis ef þess er kostur. Einnig er unnt að draga úr neikvæðum áhrifum á vatnsrennsli um votlendi með því að

leggja jarðvegssdúk undir malarþúða. Æskilegt er að við slíkt mat verði leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mat á raski í votlendi lagðar til grundvallar.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd nýtur votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000m² að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur, njóti sérstakrar verndar. Forðast ber að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun tekur undir álit Skipulagsstofnunar frá 29. janúar 2013 um Blöndulínu 3, að við leyfisveitingar þurfi að setja skilyrði varðandi endurheimt votlendis sem tapast við fyrirhugaðar framkvæmdir og að ljóst sé á hvaða svæðum endurheimt eigi að fara fram. Einnig að Framkvæmdaaðili þurfi að leggja fram áætlun um vöktun á áflugi fugla á raflínur þar sem skýrt komi fram hvaða svæði eru skilgreind sem vöktunarsvæði og að jafnframt komi fram hverjir komi til með að framkvæma vöktunina. Í áætluninni komi fram að niðurstöður vöktunar verði bornar undir Umhverfisstofnun varðandi mögulegar mótvægisáðgerðir.

Tillaga B. Sauðárkrókslína 2.

Fram kemur í tillögu að aðalskipulagsbreytingu B. um Sauðárkrókslínu 2, að gerð er tillaga að nýjum 66 kV jarðstreng milli Varmahlíðar og Sauðárkróks. Er ráðgert að hann liggi samhliða núverandi Sauðárkrókslínu 1. frá Varmahlíð til Sæmundarár en þaðan liggi hann samhliða þjóðvegi 75 að nýju tengivirkni á Sauðárkróki.

Í greinagerð kemur fram að tillagan er líkleg til að hafa óveruleg áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar, menningarminjar og landslag og ásýnd. Tillagan mun hafa ákveðið rask í för með sér en fylgir vegi að hluta þannig að ekki verður farið um óraskað svæði. Skv. tillögu fer línan meðfram svæðum sem njóta verndar skv. 61. grein laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á eins og fram kemur í greinagerð mun lega Sauðárkrókslínu 2 liggja nærrí svæði sem nýtur sérstakrar verndar skv. 1.mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess að liggja rétt vestan viðfriðlandið við Miklavatn, sem er friðlýst sbr. auglýsing nr. 29/1977. Óheimilt er að breyta landslagi friðlandsins eða vatnsborði stöðuvatna eða straumvatna. Varast ber að skerða gróður eða valda truflunum á dýralífi. Öll umferð óviðkomandi fólks um friðlandið er bönnuð á tímabilinu frá 15. maí til 1. júlí nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt.

Tillaga C. Virkjunnarkostir í Skagafirði

Fram kemur í tillögu að aðalskipulagsbreytingu C. um virkjanakosti í Skagafirði, að lagt er til að framlengja ákvörðun í gildandi skipulagi um landnotkun Villinganesvirkjunar (SF-1.1) og Skatastaðavirkjunar (SF-1.2) en skipulagi virkjananna var frestað við

samþykkt aðalskipulags árið 2012. Breytingartillaga gerir ráð fyrir að skipulagi þeirra verði áfram frestað og merkt sem varúðarsvæði skv. skipulagsreglugerð.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. núgildandi rammaáætlun eru Villinganesvirkjun og Skatastaðavirkjun í biðflokki og því virkjunarkostir sem ekki er hægt að taka afstöðu til vegna skorts á gögnum. Stjórnvöldum er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnslu vegna orkukosta sem eru í biðflokki.

Tillaga D. Urðunarsvæði við Brimnes fellt út

Fram kemur í tillögu að aðalskipulagsbreytingu D. um urðunarsvæði við Brimnes, að breytingartillaga geri ráð fyrir að urðunarsvæði við Brimnes (S-1.1) verði fellt út úr skipulagi og verði skilgreint sem opið svæði og hluti af opnu svæði U-1.2. Sameiginlegu urðunarsvæði fyrir sveitarfélögin, sem mynda byggðarsamlagið Norðurás bs., þ.e. Húnavatnshreppur, Blönduósþær, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur, hefur verið fundin staðsetning í Stekkjarvík í Blönduósbæ og því er ekki þörf á svæðinu við Brimnes.

Umhverfisstofnun bendir á að urðunarstað telst ekki endanlega lokað fyrr en eftirlitsaðili hefur skoðað vettvang og metið upplýsingar rekstraraðila varðandi lokun og Umhverfisstofnun hefur veitt samþykki fyrir lokun. sbr. 61. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Lokunarferli skal hefja á urðunarstað eða hluta hans, að uppfylltum skilyrðum sem sett eru fram í starfsleyfinu, sbr. 23. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Tillaga E. Nýtt tengivirki og rafstrengur á Sauðárkróki

Fram kemur í tillögu að aðalskipulagsbreytingu E. um nýtt tengivirki og rafstreng á Sauðárkróki, að gerð er tillaga að staðsetningu fyrir nýtt tengivirki innan athafnasvæðis A-3.3 og legu jarðstrengs frá þeim stað þar sem núverandi Sauðárkrókslína 1 endar við tengivirki við Kvistahlíð að hinu nýju tengivirkni. Landnotkun á iðnaðarsvæði I-3.2 er breytt í opið svæði, þar sem ekki er lengur þörf á tengivirkni við Kvistahlíð, og verður þá hluti af opnu svæði U-3.12. Í greinagerð kemur fram að í heild er framkvæmdin talin hafa óveruleg til jákvæð áhrif á umhverfisþætti.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við breytingartillöguna.

Tillaga F. Ný efnistökusvæði

Fram kemur í tillögu að aðalskipulagsbreytingu F. um ný efnistökusvæði, að lögð er fram tillaga um 10 námur, til að bregðast við efnisþörf sem kemur til vegna styrkingar raforkukerfisins í sveitarfélaginu.

Samkvæmt greinagerð eru valkostirnir í heild taldir hafa óveruleg til neikvæð áhrif á umhverfisþætti. Námukostur E6 er talinn hafa veruleg neikvæð áhrif á vatnafar og námukostur við Vatnsá er talinn hafa veruleg neikvæð áhrif á jarðmyndanir og landslag og ásýnd.

Slíkar námur sem hér um ræðir eru oft notaðar í langan tíma og getur liðið nokkur tími milli efnisvinnslu þar sem efni er framleitt sem jafnvel getur enst í nokkur ár. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við vinnslu og tímabundnum frágangi sé háttáð þannig að sjónræn áhrif verði sem minnst.


Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við fyrirhugaði tillögu, en vill í þessu sambandi benda á heimasiðuna www.namur.is þar sem unnt er að nálgast upplýsingar um efnistöku og frágang.

Tillaga G. Iðnaðarsvæði I-5.2 við Varmahlíð

Fram kemur í tillögu að aðalskipulagsbreytingu G. um iðnaðarsvæði I-5.2 við Varmahlíð, að gerð er breyting á afmörkun iðnaðarsvæðis I-5.2, þar sem er tengivirkni Landsnets. Breytingin felur í sér að landnotkunin miðist við lóðamörk tengivirkis í stað girðingar eins og áður var. Breytingin felur í sér stækkan iðnaðarsvæðis úr 0,4 ha í 12,7 ha.

Umhverfisstofnun vil benda á að misræmis gætir í skilgreindri stærð svæðisins. Samkvæmt inngangi greinagerðar er fyrirhugað iðnaðarsvæði I-5.2 sagt verða 1,27ha eftir stækkan í stað 12,7ha eins og fram kemur í greinagerðar og fylgiskjalinu „Þéttbýlisuppdráttur: Varmahlíð“.

Virðingarfyllst


Jón Smári Þórssen
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur